

Tillaga stjórnar VR að breytingu á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR

Tillaga:

“Gr. 12. Slysabætur* falli brott í heild sinni og að númeraröð annarra greina breytist ekki þrátt fyrir það.”

Reglugerð:

*12. gr. Slysabætur

Sjúkrasjóður greiðir slysabætur sem hér segir:

Bætur vegna varanlegrar örorku vegna slyss í frítíma:

Bætur vegna varanlegrar örorku, 10% eða meira, greiðast í hlutfalli við bótafjárhæð sem kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni, þó þannig að hvert örorkustig 26-50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig 51-100% virkar fjórfalt.

Bætur vegna slysa barna félagsmanna, yngri en 18 ára, þ.e. dánarbætur og örorkubætur vegna slyss eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Slysabætur greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Auk þess greiðast ekki slysabætur ef slys eða óvinnufærni má rekja til ásetnings, ölvunar eða stórkostlegs gáleysis. Gildir það einnig um slys af völdum þeirra vélknúnu ökutækja sem undanþegin eru váttryggingarskyldu.

Bætur vegna tímabundinnar örorku falla undir sjúkra- og slysadagpeninga, skv. gr.10.